

LÖG

um

ljósmæðraskóla í Reykjavík.

49

4. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer, samkvæmt 9. gr. laga, dagsettra í dag, um breyting á lögum um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík, nr. 15, 22. okt. 1912, höfum látið færa þau inn í meginmál laga nr. 15, 22. okt. 1912, og gefum þau hjermeð út sem lög um ljósmæðraskóla í Reykjavík.

1. gr.

Í Reykjavík skal vera ljósmæðraskóli.

2. gr.

Námstíminn skal vera 9 mánuðir og byrja 1. október ár hvert.

3. gr.

Landlæknir er samkvæmt embættisstöðu sinni kennari skólans.

4. gr.

Þar að auki skal ráða 3 ljósmæður í Reykjavík til að veita námskonum verklega tilsögn; skulu þær fá 100 kr. þóknun á ári, hver þeirra. Ráðherra veitir ljósmæðrum þennan starfa eftir að hafa fengið tillögur landlæknis.

5. gr.

Námskonur skulu fá styrk, sem stjórnarráðið ákveður, alt að 45 kr. um mánuðinn, meðan þær eru við námið.

Þær námskonur einar fá styrkinn, sem skuldbinda sig til að takast á hendur að þjóna ljósmóðurumdæmi að afloknu prófi og gegna því ekki skemur en 3 ár samfleytt, nema sjerstök forföll banni, en endurgreiða styrkinn að fullu að öðrum kosti.

6. gr.

Inntaka í ljósmæðraskólann skal bundin þessum skilyrðum:

1. Innsækjandi sýni skírnavottorð, bóluvottorð og heilbrigðisvottorð, sið-

49
4. júní

- ferðisvottorð frá sóknarpresti og vottorð um að hafa lokið fullnaðarprófi barna.
2. Innsækjandi skal sýna skilríki frá hreppsnefnd og sýslumanni um það, að henni sje ætlað ákveðið ljósmóðurumdæmi að loknu prófi.
 3. Innsækjandi sje ekki yngri en 22 ára og ekki eldri en 35 ára. Þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá aldurstakmarki, ef ástæða þykir.

7. gr.

Tala námskvenna skal að jafnaði ekki vera hærri en 10—12.

8. gr.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans og semur reglugerð fyrir hann.

9. gr.

Allur kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

10. gr.

Landlæknir ákveður, hver skuli vera áhöld ljósmæðra.
Landssjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amáluborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.